



**463.fundur Þingvallanefndar
7. janúar 2020
Alþingishúsið
við Austurvöll, klukkan 13.00.**

Mættir: Ari Trausti Guðmundsson, Líneik Anna Sævarsdóttir, Karl Gauti Hjaltason og Guðmundur Andri Thorsson. Vilhjálmur Árnason og Páll Magnússon tóku þátt í fundinum í gegnum fjarfundarbúnað Alþingis. Hanna Katrín Friðriksson sat ekki fundinn vegna annarra starfa.

Formaður setur fund og ritar fundargerð.

Dagskrá

1. Fundarmenn kynntu sér nýgerðan samning um miska- og launabætur til handa Ólínu Kerúlf Þorvarðardóttur sem hún og embætti ríkislögmanns, að samhljóða beiðni Þingvallanefndar, hafa komið sér saman um, án afskipta nefndarinnar.
2. Fundarmenn skiptust á skoðunum um ráðningarferlið, yfirlýsingar meiri- og minnihluta nefndarinnar frá 17.04.2019, um lok málsins af nefndarinnar hálfu, og fleira þessu tengt. Formaður lagði fram eftirfarandi tillögu að yfirlýsingu:

Fundur í Þingvallanefnd 7. janúar 2020 vísar til samþykktar meirihluta Þingvallanefndar og tveggja sérbókana frá minnihluta nefndarinnar (sjá meðf. skjöl frá 17. apríl sl.).

Í samþykkt meirihluta Þingvallanefndar frá því í apríl 2019 kemur skýrt fram að nefndin hvarmar hvernig til tókst við huglægan þátt mats við ráðningu þjóðgarðsvarðar og skráningu þess þáttar en ráðningarferlið var undir umsjón Capacent. Nefndin unir niðurstöðu kæruneftndar jafnréttismála og var sammála um að vísa kröfum Ólínu Kerúlf Þorvarðardóttur til ríkislögmanns þegar þær komu fram haustið 2019.

Var tillagan samþykkt með atkvæðum meirihlutans en tveir fulltrúar minni hlutans greiddu ekki atkvæði.

Ekki meira rætt og fundi slitið.